

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokksins um rýmkun á rekstrarheimildum leikskóla***

Á fundi borgarráðs þann 18. ágúst 2022 var svohljóðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rýmkun rekstrarheimilda leikskóla vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem skulu vinna að sameiginlegri umsögn í samvinnu við stýrihóp um uppbyggingu leikskóla í Reykjavík:

*Lagt er til að skóla- og frístundasvið leiti eftir undanþágu fyrir rekstrarleyfi nýrra leikskóla þar sem húsnæðið er fullbúið þó að lóðin sé ekki full frágengin. Í millitíðinni yrðu nærliggjandi útivistarsvæði notuð til útivistar barnanna. Í núverandi neyðarástandi, þar sem börnum hefur verið boðið leikskólapláss sem ekki er fyrir hendi, er nauðsynlegt að slíkar heimildir séu fyrir hendi og nýttar til bráðabirgða*

### **Umsögn**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar hefur nýlega samþykkt tímabundið rekstarleyfi fyrir tvo leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir að ekki sé búið að ganga frá útisvæði og lóð í kringum leikskólana. Þetta eru leikskólarnir Múlaborg og Ævintýraborg við Nauthólsveg. Í þessum tveimur tilfellum var um að ræða skammtímaúrræði þar sem önnur ásættanleg úrræði til útiveru eru til staðar. Það eru því fordæmi fyrir því að flýta opnun leikskóla með undanþágu frá Heilbrigðiseftirliti og Byggingarfulltrúa vegna lóðarmála. Tekið skal fram að eingöngu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur sagt til um hvort og hvenær slík heimild er veitt.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið umsögnina og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson,  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar